

„Leiddu mig” sagði hann og sekúndu síðar héldumst við í hendur. Bros læðist á andlit mitt og við göngum þétt saman. Ermar hvítu hörskyrturnar hans nudduðust við úlnliðinn minn og það hringlaði í ökklabandinu mínu við hvert fótatak. Hönd í hönd gengum við eftir götunni og það var eins og við værum tvö ein í heiminum, fyrir utan börnin sem hlupu um og léku sér með flugdreka sem gerðu himinninn litríkari en venjulega. „Ég elska þig” sagði hann og sneri mér í hring. Við beygðum inn litla götu og hann ýtti mér upp að vegg. Horfði á mig lengi. Bara starði. Ég flissaði. Hann flissaði. Hlátur okkar sameinaðist og bergmálaði. Varir okkar snertust. Bara smá. Nóg til þess að ég svari. „Ég elska þig líka”

Við gengum í takt við öran hjartslátt minn. Hraðar og hraðar nálgumst við staðinn okkar. Lítil tjörn. Heiðblá og tær tjörn í hjarta skógarins. Umkringd grjótagarði. Heiðblá og tær tjörn. Umkringd grjótagarði sem lítill lækur rennur í gegnum. Skórnir af og berfætt tipluðum við varlega yfir hvassa steinana. Með tærnar ofan í tjörninni hölluðum við okkur aftur og horfðum upp í himininn. Við töldum stjörnurnar. Ég taldi 106. Hann taldi eina, mig. Ég kyssti hann. „Ég elska þig” hvíslaði hann. Ég kyssti hann, svo stökk ég úti. Dró hann til mín. Hélt utan um hann, fast. Ég gleymdi að ég hafði aldrei lært að synda. En eins og venjulega hélt hann mér uppi.

Hann kafaði. Togaði svo í mig og ég fylgdi eftir. Ég opnaði augun erfiðlega í vatninu og horfði á hann synda að botninum. Hann tók eitthvað upp, synti að mér og hjálpaði mér að yfirborðinu.

„Hvað fannstu?” spurði ég og hann brosti. Hann tók hægri hönd mína og leggur eitthvað í lófann. Lítil, hvít perla liggur í lófanum mínum.

Stjörnurnar á himninum endurspegluðust í vatninu. Við lágum hlið við hlið í blautum og gagnsæjum fötunum á steinunum. Héldumst í hendur og rýndum aftur í himininn. Stjörnurnar voru misbjartar, misstórar og misskýrar. Skyndilega heyrðust óhljóð frá himninum og gulu deplarnir urðu fleiri. Þeir stækkuðu og færðust nær. Við settumst upp og ein stjarnan virtist lenda á tré nokkrum metrum frá okkur. Tréið sprakk. Eldur brast út og reykur fyllti loftið. Hönd mín herti takið utan um perluna mína. Við stóðum upp, gripum skóna og hlupum af stað.

„Leiddu mig!“ Öskrar hún og dregur mig með sér inn í þrönga götu. Háværar sprengingar heyrast allt um kring. Við hlaupum hratt. Svart og silkimjúkt hár hennar sveiflast í vindinum. Ljósglampar lýsa upp bæinn á nokkurra sekúndna fresti. Ég næ varla andanum á meðan ég hleyp hraðar en ég hef nokkurn tíman gert. Hún stoppar. Ýtir mér upp að vegg. Hún lagði fingur sinn létt á varir mínar til marks um að ég ætti að hafa hljótt. Skriðdreki skröltir framhjá okkur. Í honum standa menn með hriðskotabyssur. Við stöndum kyrr, höldum utan um hvort annað. Mennirir skjóta niður tvo menn sem hlaupa fyrir skriðdrekann. Tár rennur niður kinn hennar. Skriðdrekinn hverfur úr augnsýn. Þétt saman finnum við andardrátt hvors annars. Þungan og móðan andardrátt. Ég kyssi hana á kinnina. „Ég elska þig“ segir hún og horfir djúpt í augun á mér, hrædd.

Rífnir flugdrekar liggja á jörðinni og hrædd börn fela sig eftir götunni. Á miðri götu liggur lítil stelpa. Dáin. Ég hef séð hana áður. Við stoppum stutt. Hlaupum áfram. Grannir fingur hennar flétta sig við mína og ég finn fyrir mjúkri perlunni í lófa hennar. Við hægjum á okkur þegar sprengingarnar róast. Göngum hlið við hlið. Skyndilega finn ég stingandi sársauka í maganum. Í gegnum mig flaug byssuskot. Blóð lekur úr mér og ég fell til jarðar. Hún stöðvari. Beygir sig að mér. Heldur utan um mig og tárast smá. Ég lyfti blýþungum handlegg upp og þurrka tárin. Hún kyssir mig oft og harkalega á meðan hún notar klútinn sinn til að þrýsta á sárið. Allt í einu verður allt svart. Ég finn ekki fyrir neinu. Fallegt andlit hennar hverfur og hjarta mitt hættir að slá.

„Leiddu mig” hvíslar vindurinn og sandurinn fylgir eftir. Mulin bein og húsarústir blandast sandinum og hylja það sem áður var bær. Sumstaðar standa bein uppúr. Bein barnanna sem áður léku sér með flugdreka. Hvergi eru fótspor í sandinum. Hvergi sést skuggi og hvergi heyrast hljóð. Loftið er þungt vegna reyks og sands. Sólin hitar sandinn upp og á himninum sést ekkert nema liturinn blár. Trén sem áður umkringdu bæjarmörkin hafa nú sameinast sandinum og ekki ein einasta planta stendur eftir. Á einum stað í sandinum sjást tvær beinagrindur samanfléttaðar. Fjórir fótleggir vafðir um hvor aðra, höfuðkúpa við höfuðkúpu og handleggir utan um rifbein. Á milli beinagrindanna liggur lítil, hvít perla.